

**Nd.** **648. Frumvarp til laga** [211. mál]  
um samkomudag reglulegs Alþingis 1953.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1953 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði ekki annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1953 koma saman 15. febrúar n. k. Þótt því þingi, sem nú situr, verði væntanlega lokið fyrir þann tíma, gefst að sjálfsögðu lítið sem ekkert tóm til að undirbúa og leggja fyrir hið nýja þing í febrúarmánuði frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1954. Á sumri komanda fara fram almennar kosningar til Alþingis. Er því eðlilegast, að afgreiðsla fjárlaga fyrir næsta ár biði hins nýkjörna þings. Leggur ríkisstjórnin til, að reglulegt þing 1953 komi saman næsta haust, og er í frumvarpinu gert ráð fyrir 1. október sem samkomudegi, hafi þingið eigi verið kvatt saman fyrr á árinu.